

BÆJAR- OG HÉRAÐSBÓKASAFNIÐ
HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
LJÓSMYNDASAFNIÐ
ÍSAFIRÐI

ÁRSSKÝRSLA 2003 [\(2002\)](#)

Almennt:

17. júní voru söfnin opnuð í gamla sjúkrahúsinu þ.e. [Safnahúsinu Eyrartúni við hátíðlega athöfn](#). Langþráðu markmiði var náð og eru söfnin nú komin í afar gott húsnæði. Nú geta þau veitt lánþegum og gestum betri þjónustu og þryðilega aðstöðu til að sinna áhugamálum sínum hvað varðar lestur, upplýsingaöflun, grúsk, nám, sýningar o.fl. Safninu í sundhallarhúsinu var lokað 1. júní og flutningum að mestu lokið á 2 vikum.

Aðsókn að söfnunum hefur aukist verulega eftir að þau fluttust í [safnahúsið](#) - áætlað er að fjöldi gesta hafi verið um 30.000 á árinu (var um 20.000) og fer enn vaxandi - stefnir í að fjöldinn verði á bilinu 35.000 til 40.000 á árinu 2004. Bein útlán hafa vaxið tiltölulega minna (6,3%), en notkun rita og annarra safngagna í safninu hefur vaxið að sama skapi meira.

Stöðug aukning er á þjónustu við fjarnema í héraðinu og vaxandi þjónusta við nýbúa. Skrár útlánadeildar safnsins hafa verið á netinu undanfarin 7 ár og boðið er upp á aðgang að öðrum innlendum gagnasöfnum sem tiltæk eru, og erlendum í samvinnu við önnur söfn - höfuðáhersla er lögð á netaðgengi að gagnasöfnum sem nýtast öllu fjarnámi. Unnið er að nýjum vef fyrir söfnin, áhersla er lögð á auðvelt aðgengi að upplýsingum um söfnin og skrár þeirra, vefurinn verður jafnframt á nokkrum erlendum tungumálum að hluta til a.m.k., s.s. ensku, pólsku, tælensku.

Nú eru 7 tölvur tengdar netinu fyrir almenning, auk þess sem hægt er að tengja fartölvur gesta við netið með örbylgjloftneti innanhúss. Ekki þarf að undirstrika nauðsyn þess að sem flestir hafi góða aðstöðu til að nýta sér netið og ekki síður að hafa aðgang að leiðbeiningum fyrstu skrefin í notkun stafrænna gagnasafna upplýsingasamfélagsins.

Bókasafnið sér um rekstur námsgagnasafns fyrir Vestfirði í samvinnu við Námsgagnastofnum, en safnið fær allt efni sem stofnunin gefur út.

YFIRLIT:

BÓKASAFNIÐ:

Bæjar- og héraðsbókasafnið samanstendur af aðalsafninu á Ísafirði, bókasöfnunum á Pingeyri, Flateyri og Suðureyri auk bóka gömlu lestrarfélaganna, sem eru enn á Hrafnseyri og Ástúni á Ingjaldssandi en bækur lestrarfélaga Mosvallahrepps og Mýrahrepps eru í geymslum safnsins. Áður hafa gengið inn í safnið á Ísafirði lestrarfélögin/bókasöfnin í Sléttuhreppi, Grunnavíkurhreppi, Snæfjallahreppi og tvö í Eyrarhreppi (Lf. Skutulsfjarðar og Bs. Hnífsdælinga). Lestrarfélag Ísfirðinga, sem var stofnað 20. janúar 1866, gekk inn í bókasafnið við stofnun þess 1889. Safnið starfar skv. lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.

ÚTLÁN:

Útlán bókasafnsins á Ísafirði á árinu voru 28.813 bindi (28.325 árið 2002) en útlán hreppssafnanna sem sameinuðust Ísafjarðarbæ voru um 4.500 (3.000). Samtals voru útlánin 33.313 (31.325) á árinu, sem er 6,3% aukning frá fyrra ári. Meiri aukning hefur verið í notkun bóka í safninu, enda aðstaða nú

miklu betri. Gera má ráð fyrir að innanhússnotkun sé a.m.k. 17.000 – þannig að heildarnotkun bóka safnsins losi nú 50.000 bindi á ári.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA:

Heimildaleitir voru svipaðar og áður, og eru áætlaðar um 2.000 og upplýsingabeirni um 9.000 á árinu í aðalsafni.

SAFNGESTIR:

Stóraukning hefur orðið í gestakomum, áætlað er að um 30.000 gestir hafi komið í safnið á Ísafirði á árinu, miðað við 20.000 árið 2002.

SKRÁNING:

Á bókasafninu er nú unnið að uppbyggingu tölvuskrár yfir allan safnkost (bækur, tímarit, myndbönd, hljómdiska, snældur, kennsluáhöld o.fl.) í söfnum í bæjarfélaginu, bæði fyrirverandi hreppssafna og safna í skólum og stofnunum. Skrár safnsins voru opnaðar á Internetinu haustið 1998 með vefbúnaði frá MikroMARC: <http://bokasafn.isafjordur.is/mikromarc/main.idc> Nú er unnið að uppsetningu á [nýrri útgáfa af vefskránni](#) - gert er ráð fyrir að taka hana í notkun næsta vor.

SAFNKOSTUR:

Safnauki bókasafnsins á Ísafirði á árinu var 973 b. (808 b.) og er safnkosturinn nú um 77.000 bindi samkvæmt aðfangaskrá. Utan aðfangaskrár eru um 5.000 bindi, alls er safnkosturinn því um 82.000 b. Bókakostur hreppssafnanna sem sameinuðust er um 31.000 þannig að heildarsafnkosturinn er um 113.000 bindi.

GAGNABANKAR:

Safnið er í samstarfi við önnur söfn og menntamálaráðuneytið til að opna almenningi aðgang að erlendum gagnasöfnum án endurgjalds(<http://www.hvar.is/>). Safnið hefur aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins. Viðskiptavinir safnsins hafa aðgang að Internetinu í aðalsafninu (7 tölvur).

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Unnið er að skráningu og þökkun skjalanna í sýrufriar umbúðir, jafnframt því sem unnið er að söfnun skjala í héraðinu. Komið hefur verið á samvinnu við bæjarskrifstofunnar v/ meðferð skjala og skipulag í skjalageymslum bæjarins, m.a. tilsjón með skjalameðferð bæjarskrifstofunnar í GoPro skjalavistunarkerfinu.

LJÓSMYNDASAFNIÐ

Á árinu var ljósmyndasafnið gert að sjálfstæðri stofnun, en fram að þessu hefur það verið deild í héraðsskjalasafninu, enda eru umsvif þess við afgreiðslu, afritanir, skráningu, frágang o.fl. orðin töluvert viðamikil miðað við það sem áður var. Með stofnun safnsins aukast möguleikar þess á að afla styrkja frá ýmsum sjóðum og ríki - til verkefna og jafnvel rekstrar í framtíðinni. Á árinu barst safninu að gjöf filmusafn Jóns Hermannsóns um 10.000 myndir. Safnkostinum hefur að mestu verið komið fyrir í sýrufrium umbúðum í geymslum safnsins (alls nálægt 130.000 myndir).

SAFNAHÚSIÐ EYRARTÚNI (GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ)

Lokið var við endurbyggingu hússins og smíði innréttinga í maí. Aðalverktaki var Eiríkur og Einar Valur ehf. og skilaði verki sínu prýðilega. Hillubúnaður var smíðaður hjá Trésmiðjunni í Hnífsdal, afar vel heppnuð smíði og fer vel í húsinu. Umsjón með hönnun endurbygginarinnar var í höndum Péturs Björnssonar arkitekts.

Frágangi á nánasta umhverfi hússins var frestað fram eftir árinu og síðan slegið af – vonir standa þó til þess að fé fái st í framkvæmdina á árinu 2004 – enda er umhverfi hússins afar ótöplegt miðað við húsið sjálft og innviði. Heildarkostnaður við endurbygginguna var um 120 millj. kr.

NÁNARI SUNDURLIÐUN:

BÓKASAFNIÐ:

ÚTLÁN:

Á árinu voru heildarútlán bókasafnsins á Ísafirði 28.813, en voru (28.325) árið 2002. Í aðalsafni voru útlánin 22.587 (22.186), en til stofnana, hreppa o.fl. voru útlán 6.226 (5.580) bindi. Útlán í hreppasöfnunum voru áætluð 4.500. Heildarútlán í Ísafjarðarbæ voru því 33.313 (31.325) bindi. Útlán á hvern íbúa bæjarins eru um 8 b./íb. Bent er á að framangreindar útlánatölur eiga eingöngu við um rit sem eru lánuð út af söfnunum - lán á lesstofu, leskróka, handbókalán, blaða- og tímaritalán o.þ.h. eru ekki talin með en sú notkun hefur stóraukist með nýrri aðstöðu. Ekki er talin afritun gagna s.s.ljósritun eða skönnun. Auk þessa hefur orðið mikil aukning notkunar á Internettölvum í safninu, en þau not eru ekki mæld. Miðað við erlend viðmið má gera ráð fyrir að heildarnotkun (útlán og innanhússnotkun) á árinu 2003 hafi verið liðlega 50.000 bindi.

MILLISAFNALÁN:

Rit lánuð öðrum söfnum voru 176 (157), og rit fengin að láni voru 55 (49). Hljóðbækur fengnar að láni voru svipað margar og s.l. ár eða um 300.

ÖNNUR ÚTLÁN:

Auk venjulegra útlána voru um 361 (354) bækur sendar íbúum sýslunnar. Í stofnunum voru lánaðar út um 4.678 (4.169) bækur. Útlán til skipa voru um 197 (175). Alls voru þessi útlán 5.236 (4.698).

SÖGUSTUNDIR:

20 (24) sögustundir voru á árinu og komu um 94 (146) börn árinu, þessi fækkun skýrist að verulega meiri fjöldi sem kemur í skipulegar heimsóknir í safnið, sbr. hér að neðan.

SAFNKYNNING:

Safnkynningar voru fyrir yngri bekkji grunnskóla, leikskóla og skóladagheimili og komu 639 (443) börn á þessar kynningarstundir.

PANTANIR:

Á árinu voru afgreiddar álíka margar pantanir á bókum (vegna lána) en áður eða um 150.

LÁNÞEGAR:

Áætlað er að lánþegar sem koma í safnið á Ísafirði að staðaldri séu um 700. Verð skírteina var 1300 kr., en börn á grunnskólaaldri fá fyrsta skírteini ókeypis.

SAFNGESTIR:

Áætlað er að um 30.000 gestir hafi komið í safnið á Ísafirði á árinu, sem er veruleg auknin frá fyrri árum.

SKRÁNING:

Bókasöfn í eftirtöldum sveitarfélögum í héraðinu hafa verið skráð að mestu í tölvukerfi safnsins hér: Nauteyrrahr. (safnið er nú á Hól mavík), Reykjarfjarðar-, Ögur- og Snæfjallahr., (söfnin eru nú í kössum í Súðavík), Súðavíkurhr., Flateyrrahr., Mýrrahr. (safnið er á Ingjaldssandi) og Mosvallahrepps (í geymslum aðalsafns). Unnið er að því að skrá safnið á Suðureyri (70%), og áætlað að skrá safnið á Þingeyri í kerfið á næstunni.

Lokið er skráningi á öllum safnkosti útlánadeildar aðalsafnsins og undirbúa/strikamerkja fyrir tölvuútlán. Auk þessa er safnkostur Grunnskólans og Fræðslukrifstofunnar skráður í kerfið, og hefur grunnskólinn þegar tekið upp tölvutengdan útlánaþátt kerfisins, en útlán á aðalsafni verða tölvutengd um mitt næsta ár.

SAFNKOSTUR:

Í árslok taldist safnkosturinn á Ísafirði 77.235 en var (76.262) eintök í ársbyrjun. Aukningin var 973 (789) eintök. Keypt voru 886 (561) rit, og bækur gefnar safninu voru 31, miðað við (125) s.l. ár. Afskrifaðar voru 330 bækur (140 s.l. ár). 98 (118) bækur voru bundnar inn. Heildarsafnkosturinn er um 82.000 bindi þar sem nokkuð er til af óskráðu efni. Safnkostur hreppssafnanna er um 31.500 auk um

2.500 bóka úr lestrarfélögunum norðan Djúps - þess má geta að fyrirhugað er að varðveita Lestrarfélag Grunnavíkur sem heild (sérdeild) sem dæmigert lestrarfélag frá fyrri hluta aldarinnar auk þess sem margar af bókum félagsins eru bundnar inn í roð (hlýra/steinbít) sem er óvenjulegt. Bókakosturinn í heild er því um 116.000 bindi.

GAGNABANKAR:

Safnið hefur s.l. áratug haft tölvusamband við erlenda gangabanka þar sem hægt er að leita upplýsinga um hvaðeina gegn gjaldi - notkun á þeim hefur minnkað eftir að ókeypis gagnabönkum fjölgaði á Internetinu. Nú hefur verið samið um aðgang að slíkum gagnagrunna á landsvísu þannig að öll söfn fái aðgang að þeim hindrunarlaust. Safnið hefur einnig aðgang að GEGNI, (þ.e. skrá Landsbókasafns, Háskólabókasafns auk fleiri ríkissafna). Einnig hefur safnið undanfarin 10 ár haft aðgang að Internetinu með beinum aðgangi lánþega að netinu. Safnið hefur jafnframt aðgang að gagnasafni Morgunblaðsins. Þannig hefur safnið beinan aðgang að nánast öllum heimildum í söfnum innanlands og fjölda erlendis, gögnum sem hægt er að útvega með skömmum fyrirvara með millisafnalánum eða ljósritum, eða beint um tölvusamband - þessi aðstaða gerir safninu kleift að veita betri þjónustu en áður, sambærilega og hægt er að veita í stórum söfnum á höfuðborgarsvæðinu.

VEFUR:

Unnið er að [nýrri útgáfa á vef safnanna](#) og er gert ráð fyrir að það klárast um mitt næsta ár, en þar er einnig hægt að leita í skráum bókasafnanna, þannig að viðskiptavinir safnsins geti leitað sjálfir skránum heimanað frá sér. Bókasafnið hér er fyrsta almenningsbókasafn landsins sem veitir aðgang að skráum sínum á vefnum. Einnig er nú unnið er að uppsetningu á [nýrri útgáfa af vefskránni](#) - þar geta lánþegar séð hvort bók er tiltæk í hillum safnsins og pantað hana ef svo er ekki beint af vefnum.

STARFSLIÐ:

Nokkur aukning starfslíðs fékkst á árinu enda enda gerir stærð húsnæðis og viðameiri starfsemi í safnahúsinu það óhjákvæmilegt, starfshlutfall 3 starfsmanna var aukið um þriðjung: Edda B. Kristmundsdóttir, bókasafnsfræðingur (100%), Elín Magnfreðsdóttir, bókavörður (100%), Jóhann Hinriksson, forstöðumaður (100%) og Þórdís Þorleifsdóttir, bókavörður (100%). Inga María Guðmundsdóttir bókasafnsfræðingur í 50% stöðu hér en er jafnframt í 50% st. á bæjarskrifstofu sem skjalastjóri. Jóna Símonía Bjarnadóttir sagnfræðingur starfar sem skjalavörður (100%) við Héraðsskjalasafnið. Guðmundur Friðgeir Magnússon er bókavörður á Þingeyri, Pétur Þorkelsson er bókavörður á Flateyri og Marías Þórðarson er bókavörður á Suðureyri.

ÚTLÁNATÍMAR:

Frá 1. jan. til 1. júní var útlánaafgreiðsla safnsins opin 27 klst. á viku, en frá 17. júní hefur útlánaafgreiðsla safnsins verið opin 33 klst. á viku (virka daga kl. 13-19 og laugard. 13-16). Þjónusta utan venjulegs afgreiðslutíma hefur aukist verulega undanfarið, mest gegnum síma og Internetið. Hreppasöfnin fyrrverandi á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri eru opin að jafnaði 2 klst. á viku vetrarmánuðina.

STOFNANIR:

Þjónusta við stofnanir (þ.e. sjúkrahús, öldrunardeild, dvalarheimili (Hlíf), skólaskrifstofa, dagheimili og hótelið) var með svipuðum hætti og undanfarið. Farið er einu sinni í viku á sjúkrahúsið og Hlíf og afgreiðslu sinnt að jafnaði 3-4 klst. í hvert skipti.

SKÓLAR:

Bókavörður Grunnskólans á Ísafirði skráir nú safnkost skólans beint í kerfi safnsins, en skólinn hefur haft aðgang að bókasafnskerfinu nokkur undanfarin ár þar sem útlán eru einnig skráð. Framhald var á safnkynningu fyrir nemendur Grunnskólans í samvinnu við skólasafnvörð. Bókasafnið hefur tekið upp samstarf við Háskólann á Akureyri og aðra skóla vegna fjarnáms. Safnið þjónar nemendum sem eru í fjarnámi með útvegum heimilda og aðgengi að gagnabönkum og leiðbeiningum um notkun þeirra. Bókasafnið hefur sinnt þörfum nemenda Menntaskólans fyrir ítarefni (bækur / tímaritsgreinar o.fl.) eins og áður að verulegu leiti.

HREPPSBÓKASÖFN:

Samstarf við hreppasöfn í hérainu eru skv. lögum – þetta samstarf var með líku sniði og undanfarin ár. Eftir sameiningu sveitarfélagana er aðeins Súðavík eftir. Bókakostur þessara hreppa er skráður að mestu leiti í tölvu safnsins á Ísafirði - íbúar héraðsins hafa nú aðgang að skrá safnsins eins og aðrir á Internetinu.

HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ:

Árið 2003 bárust safninu tæplega 40 fyrirspurnir. Þá tók safnið þátt í Norrænum skjaladegi í fyrsta sinn og hafði til sýnis skjöl ungmennafélaganna í sýslunni. Þá stóð safnið að jólasýningu á Gamla sjúkrahúsinu í samstarfi við bóka- og byggðasafn. Unnið var áfram að söfnun skjala og athugun á ástandi í skjalageymslum í héraðinu. Alls voru 4 einstaklingar við fræðistörf á safninu til lengri eða skemmri tíma. Í árslok 2003 voru færslur í aðfangabók 3642 (3624). Safnið sinnti jafnframt þjónustu við bæjarskrifstofur eins og áður.

LJÓSMYNDASAFNIÐ:

Safninu barst höfðingleg gjöf frá Ingu Rut Olsen, um var að ræða allt filmusafn Jóns Hermannsonar, á að giska 10.000 myndir – þar á meðal mikið af atvinnulífsmyndum frá miðri síðustu öld. Á árinu 2003 bárust safninu upb 50 fyrirspurnir auk þess sem safnið útvegaði myndir í bókina „Af norskum rótum“. Nokkurt magn ljósmynda var afhent safninu til varðveislu. Í safninu eru nú nálgægt 130.000 filmur og ljósmyndir. Áætlað er að flytja myndiefni (sérstaklega gamlar litfilmur) yfir á stafrænt form, enda hafa þær afar takmarkað geymsluþol, og gera úrval safnsins aðgengilegt á vefnum.

STJÓRN:

Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar fer með málefni safnanna.

Í [Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar](#) eiga nú sæti:

Inga Ólafsdóttir formaður, Hafnarstræti 7 Ísafirði
Sigurborg Þorkelsdóttir Fagraholti 7 Ísafirði
Hansína Einarsdóttir, Eyrargötu 3 Ísafirði

9. júní 2004

Jóhann Hinriksson
forstöðum.